

18. gr.

Par, sem tveir eða fleiri menn hafa sambeitt í óskiptu landi, má enginn þeirra nota beitina, nema eftir ítölu á móts við sameigendur sína, er metin sé af úttektarmönnum. Ítölu skal meta eftir jarðardýrleika og jarðarstærð, og skal sá vera grundvöllur matsins, hve mikinn fénað má í högum hafa án þess örtröð verði. — Nú hefur einhver sambeitareigenda minni fénað í högum en svarar ítölu hans, en aðrir hafa meira en þeim ber, og skulu þeir þá hafa forgangsrétt til, gegn endurgjaldi, að nota ítölurétt þess, sem of fátt hefur, meðan hann notar eigi sjálfur.

19. gr.

Enginn má, eftir gildistöku þessara laga, taka land til ræktunar, setja upp varanlega girðingu, gera skurð, byggja hús eða önnur varanleg mannvirki í óskiptu sameignarlandi, þó samþykki allra annarra hlutaðeigenda liggi fyrir. Brot gegn þessu ákvæði varðar sekt, allt að 1000 kr., er renni í viðkomandi sveitarsjóð.

20. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi landskiptalög, nr. 57 31. maí 1927. Þá eru og öll önnur eldri lagafyrirmæli úr gildi felld, er brjóta í bág við lög þessi.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um breyting á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 12. febr. 1940.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

88. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 12. febrúar 1940, orðist þannig:

Hver, sem opinberlega í ræðu eða riti mælir með því eða stuðlar að því, að erlent ríki byrji á fjandsamlegum tiltækjum við íslenska ríkið eða hlutist til um málefni þess, svo og hver sá, er veldur hættu á slíkri íhlutun með móðgunum, líkamsárásam, eignaspjöllum og öðrum athöfnum, sem líklegar eru til að valda slíkri hættu, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Ef brot þykir mjög smávægilegt, má beita sektarhegningu.

2. gr.

95. gr. almennra hegningarlaga orðist þannig:

Hver, sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

- 47 Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem smáanar opinberlega eða hefur annars í
27. júní frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum, eða ærumeiðandi að-
dróttanir við aðra starfsmenn erlends ríkis, sem staddir eru hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

48

L Ö G

27. júní

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Tölurnar „60“ og „6“ í b-lið 1. greinar verða: 80 og 8.

2. gr.

Á undan tölunni „5000“ í c-lið 1. greinar koma orðin: ekki færri en.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

49

L Ö G

27. júní

um læknisvitjanasjóði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ríkissjóður leggur árlega fram fé til læknisvitjanasjóða, er stofnaðir verða í læknishéruðum samkvæmt ákvæðum laga þessara, gegn þriðjungsframlagi annars staðar að. Framlag ríkissjóðs má ekki fara fram úr 1 kr. á hvern héraðsbúa, er heima á utan þess kaupstaðar eða kaupsins, þar sem læknir situr, og ekki yfir 1000 kr. til hvers læknisvitjanasjóðs.